

Mosfellsbær
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202103-338/EBSH
09.03

Efni: Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs lögð fram til kynningar

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, sem einnig eru landeigendur og fulltrúa frá umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytinu, hefur unnið tillögu að friðlýsingu Blikastaðarkróar - Leiruvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan er nú lögð fram til kynningar.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast Umhverfisstofnun undirbúning friðlýsingar og skal stofnunin gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta.

Í 42. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um rétt til bóta vegna friðlýsinga. Þar kemur fram að ef friðlýsing hindrar fyrirhugaða nýtingu landeiganda eða réttihafa lands á landinu eða gerir hana til muna erfiðari, umfram það sem teljast má til almennra takmarkana eignarréttar, skal landeigandi eða réttihafi lands eiga rétt á bótum fyrir fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir og getur sýnt fram á að sé verulega umfram þær takmarkanir sem má finna í sambærilegum friðlýsingum eða ákvörðunum. Landeigendur og aðrir réttihafar sem telja sig eiga rétt til bóta skulu bera fram bótakröfu við umhverfis-, orku og loftlagsráðherra innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar um friðlýsingu. Ef ekki næst samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

Tillöguna að friðlýsingarskilmálum fyrir Blikastaðakró-Leiruvog ásamt korti sem sýnir fyrirhugaða afmörkun fyrir svæðið er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni: <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með **17. maí 2022**. Athugasemdum skal skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með því að senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun veur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Eva B. Sólan (evasolan@ust.is) og Davíð Örvar Hansson (davidh@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólan, lögfræðingur
Davíð Örvar Hansson, sérfræðingur